

**40. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Laugarvatni,  
mánudaginn 27. janúar 2025, kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún S. Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, María Carmen Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólakennara, Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólakennara og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

**Fundargerð ritaði:** Áslaug Alda Þórarinsdóttir, formaður skólanefndar.

**1. Íslenska æskulýðsrannsóknin 2024 - 2411046**

Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

*Gögn um niðurstöður Bláskógabyggðar í íslensku æskulýðsrannsókninni voru kynnt.*

**2. Skólastefna - 2309028**

Skólastefna, athugasemdir sem bárust í samráðsferli.

*Lokadrög skólastefnu og athugasemdir/ábendingar sem bárust við stefnuna liggja fyrir. Skólanefnd samþykkir að vísa málinu til sveitarstjórnar.*

**3. Reglur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003**

Reglur leikskóla. Upplýsingar um niðurstöður könnunar.

*Umræða varð um reglurnar og niðurstöður könnunarinnar. Skólanefnd telur að breyting á skólareglum þar sem tekið yrði upp breytt fyrirkomulag varðandi skráningardaga og skráningu vegna vistunar í tiltekinn tíma á föstudögum væri heppilegri leið en sú sem könnunin tók til. Jafnframt var rætt um þann möguleika að bjóða ekki upp á vistun eftir kl. 16 á daginn. Skólanefnd samþykkir að vísa málinu til sveitarstjórnar.*

**4. Kjaradeila Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ - 2411016**

Staða kjaraviðræðna. Upplýsingar um stefnu Málsóknarfélags barna á leikskólunum Holti í Reykjanesbæ, Drafnarsteini í Reykjavík, Ársölu á Sauðárkróki og Leikskóla Seltjarnarness á hendur Kennarasambandi Íslands. Samhliða er Sambandi íslenskra sveitarfélaga stefnt til réttindagæslu í málinu.

*Rætt var um kjaradeilduna og yfirvofandi verkföll. Ekki hefur verið boðað til verkfalla í leik- og grunnskólum Bláskógabyggðar.*

**5. Húsnæðismál Bláskógaskóla Laugarvatni - 2501058**

Hugmyndir er varða húsnæðismál Bláskógaskóla, dags. 03.12.2024 frá Hildi Hálfðanardóttur.  
*Umræða varð um málið, hugmyndin varðar mögulega nýtingu Hverabrautar 14-16.*

**6. Menntaverðlaun Suðurlands 2024 - 2501056**

Menntaverðlaun Suðurlands - frestur til að skila tilnefningum er til 2. febrúar n.k.

*Lagt fram til kynningar. Skólanefnd samþykkir að vinna að því að tilnefna útiskólann á Laugarvatni.*

**7. Námsleyfasjóður vegna skólaársins 2025-2026 - 2409031**

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.12.2024 um úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2025-2026

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Námsgagnasjóður vegna ársins 2024 - 2501057**

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16.01.2025, um úthlutun úr námsgagnasjóði.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Fjárhagsáætlun 2025 og 2026-2028 - 2408022**

Fjárhagsáætlanir, yfirferð

*Skólastjórnendur kynntu helstu atriði í fjárhagsáætlunum ársins 2025.*

Fundi slitið kl. 17:00.

---

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

---

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Harpa Sævarsdóttir

---

Hildur Hálfðanardóttir

---

Lieselot Simoen

---

Lára Bergljót Jónsdóttir

---

Íris Anna Steinarrsdóttir

---

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

---

Ragnheiður Bjarnadóttir

---

Borghildur Guðmundsdóttir

---

María Carmen Magnúsdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---